

Frjáttæm. ráðgjafar
19.5.2011

19.5.2011

703. mál

Alþingi
Erindi nr. P 139/2553
komudagur 19.5.2011

ÁTVR er heimilt að innheimta gjald af birgjum vegna kostnaðar sem leiðir af töku nýrrar áfengrar vöru til sölu. Skjalgjaldið eingöngu standa straum af þeim kostnaði sem til fellur vegna skráningar, könnunar og annarra nauðsynlegra ráðstafana af hálfu ÁTVR við að taka nýja vöru til sölu.

1. Áætlað er að heildarvinnutími við hverja umsókn um sölu áfengis sé um 4 klukkutímar. Í því felst að vinna úr hverri umsókn eins og nánar greinir í eftirfarandi verkþáttum. Öll frávik s.s. vegna athugasemda um merkingar, innihald eða umbúðir verður þó að meta til lengingar áætlaðs úrvinnslutíma:

- b. Yfirferð og skráning vöruspjalds
- c. Móttaka og skráning sýnishorna
- d. Skoðun sýnishorna (merkingar m.t.t. vöruvalsreglna og reglugerðar um merkingar á matvælum)
- e. Myndataka sýnishorna og myndvinnsla
- f. Móttaka, skoðun og skráning vöruvottorðs
- g. Smökkun
- h. Vörumat og gerð smakklýsingar
- i. Gerð vörukaupasamnings við birgja
- j. Verðlagning
- k. Skráning í vöruval vínbúða
- l. Skráning vöru í Dreifingarmiðstöð
- m. CSR (Corporate Social Responsibility) og COC (Code of Conduct) mál (sjá lið nr. 3 að neðan)

Kostnaður við skráningu er u.þ.b. 26.800kr.

ÁTVR er heimilt að innheimta gjald af birgjum sem leiðir af merkingu á tóbaksvörum. Skjalgjaldið eingöngu standa straum af þeim kostnaði sem til fellur vegna merkingarinnar

2. Nokkuð er um merkingar á tóbaksvörum sem fluttar eru inn til endursölu af innlendum birgjum og ekki eru í umbúðum fyrir íslenskan markað. Á hverja söluveitingu tóbaks (karton, pkn.) koma tveir viðvörunarmiðar, fram- og bakmiði. Á sama hátt þarf að merkja hvern pakka eða bréf. Gjald fyrir hvern miða er kr. 15 og hefur verið óbreytt um árabíl. Að auki eru merkingar á neftóbaki sem kannski á ekki við í þessu sambandi (sjá lið c.).

a. Merkingar vindlinga (sjaldan). Áætlað er að það taki um hálfu mínútu að merkja hvern pakka. 10 pakkar eru í kartoni. Áætlað er að um hálfu mínútu taki að merkja hvert karton. Heildartímalengd merkinga pr. karton er þá 5-6 mínútur. Kostnaðarverð miðanna er kr. 2,5 pr. stk. án VSK.

b. Merkingar reyktóbaks (nokkuð tíðar). Áætlað er að það taki um hálfu mínútu að merkja hvert tóbaksbréf og sama tímalengd fyrir hverja pakkningu. Mismunandi einingafjöldi er í hverri pakkningu, dæmi eru um 5 og upp í 12 bréf.

c. Merkingum á reyklusu tóbaki (neftóbak framleitt af ÁTVR) er úthýst og ættu kostnaðartölur vegna þeirra að liggja fyrir í bókhaldi. Tvenns konar merkingar er um að ræða, viðvörunarmerkingar, einn miði á hverja einingu, sem kostar 0,4 til 0,5 kr. stk. og ytri merkingar þar sem hver miði kostar á bilinu 1 - 1,5 kr.

d. Auk sjálfra merkinganna er nokkur umsýsla vegna þessa varðandi samskipti við birgja, flutninga innanhúss o.s.frv.

Algengast er að merkt séu tóbaksbréf en á þau fara 12 miðar og tekur það alls 6 mín. Kostnaður pr. 12 miða væri því u.þ.b. $(95*3 + 1*12)$ eða um 25 kr. pr miða.

ÁTVR skal leitast við að innkaup séu í samræmi við alþjóðasáttmála.

3. Á innkaup í samræmi við alþjóðasáttmála er ekki komin nein reynsla enn sem komið er. Innkaup ÁTVR eru að stærstum hluta frá innlendum birgjum og því í raun byggð á þeirra aðfangaleiðum. Umræða um CRS og COC nýlega tilkomin en ljóst að nokkur vinna mun felast í því að ganga úr skugga um eða hafa eftirlit með að vörukaup birgja séu í samræmi við alþjóðasáttmála. Þetta eftirlit mætti hugsa sér að fælist til dæmis í skoðun upprunavottorða eða annars konar pappíra sem sýna fram á hvaðan vara er keypt og samanburði við gagnabanka sem fyrirtækið fengi aðgang að sem dæmi í gegn um samstarf við einkasölur á Norðurlöndunum.